

Stjórnarfundur ÆSKP föstudaginn 26. apríl 2013 kl. 14.00 í Grafarvogskirkju.

Mætt voru: Guðrún Karls Helgudóttir, Guðmundur Karl Einarsson, Sigurvin Lárus Jónsson og Þórunn Harðardóttir. Framkvæmdastjóri, Sigríður Rún Tryggvadóttir, sat fundinn.

1. Farið var yfir bréf sem barst frá biskupsritara þar sem óskað var eftir umsögn varðandi kyrrðarstarf í söfnuðum og æskulýðsstarf. Samþykkt var svarbréf þar sem eftirfarandi kom fram:

Stjórn ÆSKP fagnar hugmyndum kirkjuráðshóps er varða áherslur á kyrrðarstarf í söfnuðum Þjóðkirkjunnar. Stjórnin telur slíkt starf bæði þarft og mikilvægt sem hluta af fjölbreyttu helgihaldi og starfi safnaða Þjóðkirkjunnar þar sem það á við.

Stjórnin lítur svo á að nú þegar fari fram kyrrðarstarf er henti unglínglum vel í æskulýðs- og fermingarstarfi Þjóðkirkjunnar. Þessar kyrrðarstundir eru í formi ólíkra bæna-, kertaljósa- og söngstunda sem eru hluti af nánast öllu æskulýðs- og fermingarstarfi söfnuða Þjóðkirkjunnar.

Eftir að hafa kynnt sér málið, rætt við leiðtoga, æskulýðsfulltrúa og unglínga, telur stjórnin ekki að kyrrðardagar í Skálholti eða lengri kyrrðarstundir henti unglíngum eða bæti nokkru við það starf er þegar er unnið í söfnuðum landsins. Aftur á móti fagnar stjórnin því mjög ef yfirstjórn kirkjunnar er tilbúin til að leggja meira fé í æskulýðsstarf Þjóðkirkjunnar. Hún telur þó að þeim peningum yrði best varið í efnisgerð fyrir kyrrðar- eða bænastundir í æskulýðsstarfi og/eða í þjálfun og ráðningar á menntuðum æskulýðsfulltrúum í sem flesta söfnuði Þjóðkirkjunnar.

2. Rætt var um Landsmót ÆSKP sem haldið verður 25.-27. október n.k. í Reykjanesbæ.

- Verið er að skoða tilboð frá fjórum aðilum varðandi mat á mótinu, líkt og venja er er það von okkar að versla veitingar og þjónustu sem mest í heimabyggð.
- Verið er að leita tilboða í rútur.
- Verið er að skoða tæknimál en skv. heimildum okkar er enginn í Reykjanesbæ sem getur að fullu annast Landsmót.
- Verið er að skoða tónlistarflutning á mótinu.
- Rætt var um hvort ekki væri ástæða til að einhver úr stjórn eða landsmótsnefnd væri alltaf sýnileg/ur á sviðinu, sem andlit mótsins.
- Guðrún Karls ætlar að óska eftir fundi með Dr. Gunnari Kristjánssyni, prófasti og biskupi Íslands vegna undirbúnings á Landsmóti 2013.

3. Þórunn Harðardóttir fór yfir framkvæmd Easter Course.

- EC á Íslandi var stærsta námskeið sem EF hefur haldið og í fyrsta sinn í mörg ár sem að öll sæti fylltust.
- Mikil ánægja var meðal þátttakenda, en EF biður þá um að fylla út ítarlegt mat á mótinu. Aldursbil þátttakenda var 16-27 ára.
- Stjórnin kom á framfæri við Þórunni Harðardóttur og Raket Brynjólfsdóttur þökkum fyrir góða skipulagningu og framkvæmd á mótinu sem er sambandinu til sóma. Jafnframt vill stjórnin koma á framfæri sérstökum þökkum til Ásthildar Guðmundsdóttur, Berglindar Ólafsdóttur,

Steinunnar Önnu Baldvinsdóttur og Önnu Ólafar Aðalsteinsdóttur fyrir liðsinni þeirra.

- Verkefnið er snýr að innflytjendum í Breiðholti var unnið í samstarfi við Toshiki Toma, prest innflytjenda, og Ragnhildi Ásgeirsdóttur, djákna í Fella- og Hólakirkju. Þau eiga miklar þakkir skildar.
- Orðuð voru vonbrigði með að mótið skildi ekki fá umfjöllun í fjölmiðlum.

4. Aðalfundur EF.

- Þórunn sótti aðalfund (AGM) European Fellowship í Birmingham á Englandi en ÆSKP hefur stöðu „member in touch“, aukaáild að evrópsku samtökunum.
- Á aðalfundi var rætt um að Council of Europe er að herða reglur varðandi umsóknir sem kallar á mjög aukna stjórnslu.
- EF hefur sett á laggirnar vef-námskeið, svokölluð Web-inars, sem eru ætluð að miðla reynslu og þekkingu á milli þeirra æskulýðssamtaka sem að standa að EF. ÆSKP eru hvött til að tilnefna reynslumikið fólk á sviði frístunda og æskulýðsmála til að halda erindi á þessum vettvangi.
- EF óskaði eftir að Landsmót ÆSKP yrði auglýst á vettvangi EF með það fyrir augum að fá hópa utan úr Evrópu á mótið. Stjórnin tók vel í þær hugmyndir en ákveðið var að ræða málið betur á næsta fundi stjórnar.
- EC á næsta ári verður haldið á Bretlandseyjum og þarf stjórn ÆSKP að tilnefna fulltrúa í undirbúningsnefnd mótsins.
- Þórunn kynnti hugmynd sem er í framkvæmd í Finnlandi en þar geta krakkar sent SMS skeyti í ákveðið númer og spurt um hvað sem þeim liggur á hjarta. Ábyrgir aðilar standa síðan vaktina á símanum og liðsinna ungmennunum og beina rétta leið. GKE ætlar að skoða tæknilega útfærslu á slíku kerfi og hver kostnaður yrði.
- EF óskaði eftir því að gjaldkeri ÆSKP tæki að sér að vera skoðunarmaður reikninga fyrir EF. Guðmundur Karl samþykkti að taka það að sér.

5. Erindi að utan.

- Erindi barst stjórn ÆSKP að taka að sér EVS sjálfboðaliða frá Möltu en ungmenni sem sóttu EC hafa sóst eftir því að koma hingað og starfa. EVS verkefni eru mjög spennandi kostur en ákveðið var að of stuttur tími væri til stefnu til að geta hugsað slíkt verkefni fyrir sumarið 2013. Sigríður ætlar að tala við viðkomandi og stjórnin hefur í huga að skoða slíkt verkefni í samstarfi við söfnuð eða Biskupsstofu næsta sumar.
- [My name is Annushka and I am from Malta. Raket Brynjólfsson gave me your contact information. I was in Iceland recently for the Eastercourse organized by the european fellowship. My friend and I are interested in doing EVS and we know that your organization works with youths and i believe on a similar basis to our youth organization in Malta. I was wondering what the possibility of doing an EVS with your organization is.....we don't have a sending organization yet as we are still checking what the possibility of being hosted is. I was hoping you could give me some feedback and thoughts on the matter.]

- Erindi barst stjórn ÆSKÐ frá samtökum í Slóvakíu.
[My organisation eRko - Slovakia have a possibility to write a project responding to so called Newly emerging needs of children. It is a very interesting study describing 8 Newly emerging needs of children. The study was done by a pedagogical institute from the Netherlands.
<http://www.google.sk/books?id=gvLDHV4ng7gC&lpg=PA7&ots=y7r5xbkGy&dq=newly%20emerging%20needs%20of%20children&lr&hl=sk&pg=PA12#v=onepage&q=newly%20emerging%20needs%20of%20children&f=false> The foundation in Slovakia who administrate the project calls have a possibility for Slovak NGOs to have partners from Norway or Iceland. So, I was thinking to get in contact with the member organisation of EF from Iceland and to try to find out, if they would be interested to participate to our project as a partner. That would mean e.g. to have some visit etc. Our project will contain activities for children and some contacts to the children magazine and some children media activity. Would you get me in contact with some responsible from Iceland organisation? My position in eRko is - the national president. You can see more about eRko here: [http://en.erko.sk/.](http://en.erko.sk/)]
Framvkæmdastjóra falið að fá nánari upplýsingar um verkefnið og svo mun stjórnin taka málið upp á næsta fundi stjórnar.

Fundi slitið kl. 16.15.

Fundargerð ritar Sigurvin Lárus Jónsson